



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. /05



Auglýsingar útboða

Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit 05 - 022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með breikkun gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklabrautar.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 29. ágúst 2005.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opunarfundur verður þriðjudaginn 17. maí 2005 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Útnesvegur (534) á sunnanverðu Snæfellsnesi. Stapafell ber hæst í baksýn.

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti 05-017

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á vesturhluta Norðvestursvæðs á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 163 km af yfirlögnum.

Helstu magnþölur eru:

Einföld klæðing

Árið 2005 473.000 m²

Árið 2006 529.000 m²

Helstu verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 3. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 13. árg. nr. 399 25. apríl 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Nesjavallavegur verður þjóðvegur

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem nú liggur fyrir hjá Alþingi er lagt til að Nesjavallavegur verði gerður að þjóðvegi samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 45/1994 og að um veghald hans fari með sama hætti og veghald annarra þjóðvega samkvæmt lögum.

Er það samkvæmt samkomulagi Orkuveitu Reykjavíkur og Vegagerðarinnar frá 2. mars. sl.

Vegurinn fær vegnúmerið 435. Hann liggur af Hafravatnsvegi sunnan við Miðdal, um Miðdalsheiði, sunnan við Eiturhól á Mosfellsheiði, um Dyrarfjöll, á Grafningsveg efri norðan Nesjavalla.

Hitaveita Reykjavíkur lagði þennan veg vegna hitaveitulagnar frá Nesjavöllum í Grafarholt í Reykjavík og lauk vegagerðinni sumarið 1988. Hitaveitulögnin liggur að mestu meðfram veginum en að hluta neðanjarðar.

Orkuveita Reykjavíkur verður áfram eigandi vegstæðis Nesjavallavegar. Ráðgert er að leggja aðra hitaveitulögn síðar og mun þá reynast nauðsynlegt að loka veginum um tíma.

Vegagerðin hefur látið yfirfara ástand vegarins en Orkuveita Reykjavíkur mun greiða hluta þess viðhalds sem nauðsynlegt er.

Auglýsingar útboða

Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2004-2005 05-008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða 50,4 km á 17 vegarköflum og 0,9 km af þurrfræsingu á 5 vegköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005: 170.100 m²

Árið 2006: 186.900 m²

Þurrfræsun:

Árið 2005: 6.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005: 176.100 m²

Árið 2006: 186.900 m²

Verklok áfanga eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Sérmerkingar á

Suðvestursvæði 2005 05-015

Tilboð opnuð 19. apríl 2005. „Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005“.

Helstu magntölur eru:

Akreinaörvar 1.165 m²

Stakar merkingar 1.150 m²

Þríhyrningar 747 stk

Massaðar línur 3.500 m²

Verki skal að fullu lokið 16. ágúst 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	16.154.753	100,0	4.345
2	Vegmerking ehf., Reykjavík	12.416.050	76,9	606
1	Vegamál ehf., Reykjavík	11.809.850	73,1	0



Fundur um gæðakröfur

Vegagerðin og Samtök iðnaðarins munu halda fund á Nordica Hótel við Suðurlandsbraut miðvikudaginn 27. apríl frá 16.00 til 18.00 þar sem kynntar verða auknar kröfur um gæðakerfi í framkvæmdum, sjá 8. tbl. Framkvæmdafrétta. Vegagerðin leggur áherslu á að verktakar undirbúi sig í tíma til að þessar breytingar megi ganga sem best fyrir sig. Á þessum fundi munu verða fluttar eftirfarandi kynningar.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáætlunar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-020 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005, norðurhluti	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti	05
05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti	05
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005	05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti	05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammisvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammisvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
05-022 Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit	25.05.05 10.05.05
05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	25.05.05 10.05.05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	25.05.05 10.05.05
05-004 Kringlumýrarbraut (40)- Miklabraut (49), breikkun gatnamóta	18.04.05 03.05.05
05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006	18.04.05 03.05.05
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05 19.04.05
05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005	29.03.05 12.04.05

- Auknar kröfur til gæðakerfa í framkvæmdum og tímasetning áfangna
- Hvað þarf verktaki að gera til að fullnægja settum kröfum
- Hvernig getur verktaki notað heimasíðu SI til að léttla sér störf

Vegagerðin og Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að sem flestir mæti og býður þig og samstarfsmenn þína velkomna á fundinn

Fyrir fundinn verður boðið upp á kaffi og kökur

Rögnvaldur Jónsson

Árni Jóhannsson

Vegagerðin

Samtök iðnaðarins

Yfirlit yfir verkefni

við mat á umhverfisáhrifum

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar um mat á umhverfisáhrifum sem gefa endanlegar upplýsingar.

Drög að tillögu að matsáætlun	Áætlað dagur, mánuður, ár
Uxahryggjavegur um Tröllháls	04.05
Hringvegur um Hrutafjörð	05.05
Tillögur að matsáætlunum	Áætlað
Engar	
Samþykktar matsáætlanir	Skýrsla Samþykkt áætlun
Dettifossvegur í Keldunes- og Skútustaðahreppi	20.09.04 05
Norðausturvegur, tenging Vopnafjarðar við Hringveg	03.08.04 12.05
Vestfjarðavegur, Bjarkalundur-Eyri í Reykhólahreppi	13.02.04 05
Auglýstar skýrslur	Auglýst
Norðausturvegur um Hólaheiði, Katastaðir-Sævarland-Raufarhöfn	02.03.05
Nýlegir úrskurðir Skipulagsstofnunar	Úrskurðað Kært
Sundabraut, 1. áfangi, þverun Kleppsvíkur í Reykjavík	19.11.2004 já
Gjábakkavegur milli Þingvalla og Laugarvatns, Bláskógabyggð	11.11.2004 já
Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar	26.05.2004 nei
Útnesvegur um Klifhaun í Snæfellsbæ, Gröf-Arnarstapi, Snæfellsbæ	05.05.2004 nei
Tvöföldun Vesturlandsvegur frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólbraut í Mosfellsbæ	09.01.2004 nei
Nýlegir úrskurðir umhverfisráðherra	Úrskurðað
Djúpvvegur, Eyrarhlíð - Hörtná, Súðavíkurehrei	01.07.04